



**Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita**

## FRAMKVÆMDALEYFI

Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Sími 480 5550  
www.utu.is

**Leyfisveitandi:** Bláskógabyggð, kt: 510602-4120, Félagsheimilið Aratungu, 801 Selfoss

**Leyfishafi:** HS Orka hf., kt. 6804750169, Orkubraut 3, 240 Grindavík.

### Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi er hér með veitt fyrir Brúarvirkjun, 9,9 MW vatnsaflsvirkjun, og efnistöku í samræmi við umsókn HS Orku, dags. 17. janúar 2018, með vísun í samþykkt sveitarstjórnar Bláskógabyggðar á fundi sínum þann 2. febrúar 2018:

*„Með vísan til framangreinds samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að veita framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun með þeim skilyrðum sem að framan greinir. Lagt er fyrir skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og gefa út nýtt framkvæmdaleyfi að undangengnum framangreindum skilyrðum. Fyrri samþykkt um málið, frá 12. október 2017, er felld úr gildi. Tekið skal fram að samþykkt þessi á ekki við um framkvæmdir sem eru háðar byggingarleyfi skv. ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 m.s.br.“*

### Gildistími:

Framkvæmdaleyfið tekur gildi við útgáfu og gildir í 24. mánuði.

Framkvæmdaleyfið fellur þó úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan tólf mánaða frá útgáfu þess, sbr. 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað. Tilkynna þarf byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa um upphaf framkvæmda.

### Eftirlit með framkvæmdum:

Skipulagsfulltrúi hefur í umboði sveitarstjórnar reglulegt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og að þær séu í samræmi við útgefin leyfi.

### Framkvæmdaleyfisgjald:

Samið hefur verið um greiðslu framkvæmdaleyfisgjalds.


Ef umfang eftirlits á framkvæmdatíma reynist vera meira en áætlað er við útgáfu framkvæmdaleyfis áskilur sveitarfélagið sér rétt til að krefjast viðbótargreiðslu framkvæmdaleyfisgjalds. Upphæð þeirrar viðbótargreiðslu skal nema þeim kostnaði sem embætti skipulagsfulltrúa ber af vinnu við eftirlit umfram áætlun við útgáfu leyfisins.

**Fyrirvarar og skilyrði leyfisveitingar:**

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli fyrirliggjandi málgagna og með þeim fyrirvörum og skilyrðum sem fram koma í meðfylgjandi greinargerð, sem telst hluti leyfisins.

Framkvæmdaleyfið ásamt greinargerð er gefið út í tveimur eintökum og skal það ávallt vera aðgengilegt eftirlitsaðilum á framkvæmdastað.

21. febrúar 2018

  
Pétur Ingi Haraldsson  
Umhverfis- og tæknisvið  
Uppsveita  
Skipulagsfulltrúi